



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**556. fundur stjórnar SSH  
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 17. apríl 2023  
og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

**Dagskrá:**

**1. Samræming úrgangsflokkunar - næstu skref - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2104006**

Umfjöllun um kynningarmál verkefnisins og tímalínu. Gunnar Dofri Ólafsson, Ísól Ómarsdóttir og Jón Kjartan Ágústsson kynna en aðjar í tæknihópi sveitarfélaganna í úrgangsmálum eru gestir fundarins undir þessum lið.

**Gestir**

Guðbjörg Brá Gísladóttir

Egill Daði Gíslason

Ishmael David

Birkir Rútsson

Sigurður Hafliðason

Linda Björk Jóhannsdóttir

Jón Kjartan Ágústsson

Ísól Ómarsdóttir

Ingimar Ingimarsson

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Gunnar Dofri Ólafsson

**Niðurstaða:**

*Umræður*

**2. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010**

Á 554. fundi stjórnar voru Páll Björgvin Guðmundsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Ásthildur Helgadóttir tilnefnd sem fulltrúar SSH í viðræðuhópi um uppfærslu Samgöngusáttmálans. Fyrir liggur að fulltrúar ríkisins í umræddum viðræðuhópi eru fimm og lagt er til að fulltrúum SSH verði fjölgað til samræmis. Lagt er til að Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar og Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari Garðabæjar taki sæti í hópnum.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*

### 3. Stofnun Áfangastaðastofu - 2209012

Ofangreint verkefni hefur verið fjármagnað með framlögum aðila að samstarfssamningi dags. 25. janúar 2022, framlagi menningar- og viðskiptaráðuneytisins og framlögum úr sóknaráætlun. Lagt er til að framkvæmdastjóra verði veitt heimild til millifærslu eftirstöðva verkefnafjár vegna ofangreinds verkefnis til Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins ses. Þegar hún hefur öðlast opinbera skráningu og bankareikningur hefur verið stofnaður.

**Niðurstaða:**

*Samþykkt*

### 4. Önnur mál - 2110011

Málefni fatlaðra - fjármögnun málaflokks - málsnr. 2207001

Umræður um fjármögnun málaflokksins en mikilvægt er að hún sé tryggð til framtíðar, bæði hvað varðar NPA samninga og aðra þætti, en farið hefur verið fram á nánari upplýsingar frá sveitarfélögunum og stöðu á rekstri þessa málaflokks á árinu 2022.

Þá er jafnframt í vinnslu umsögn SSH við fjármálaáætlun en þar verður einnig bent á mikilvægi þessa.

Fjármögnun málaflokks fatlaðra verður tekin til nánari umræðu á næsta reglulega fundi stjórnar.

**Niðurstaða:**

*Umræður*

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkurborgar og Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Kjósarhrepps fara af fundi.

### 5. Heimilislausir með fjölþættan vanda - 2106009

Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir verkefnastjóri samstarfsverkefnis vegna heimilislausra með miklar og flóknar þjónustuparfir kynnir fyrirbyggjandi skýrslu um verkefnið sem unnið var í samstarfi Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness. Umræður.

**Gestir**

Þorbjörg Helga Þorgilsdóttir verkefnastjóri

Baldur Pálsson

Sigurbjörg Fjölnisdóttir

Svanhildur Þengilsdóttir

Guðlaug Ósk Gísladóttir

**Niðurstaða:**

*Skrifstofu SSH er falið að senda viðkomandi sveitarfélögum skýrsluna til kynningar og umræðu en skýrslunni verði jafnframt fylgt eftir með kynningu af*



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

*hálfu verkefnastjóra verði þess óskað.*

*Jafnframt er sviðsstjórum velferðarmála umræddra sveitarfélaga, í samráði við framkvæmdastjóra SSH, falið að vinna frumkostnaðaráætlun vegna innleiðingar þeirra tillagna sem settar eru fram í skýrslunni.*

*Lagt fram til kynningar*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.**